ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

# RAFORKUSPÁ 1994-2020

**Endurreikningur á spá frá 1992 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-94039/OBD-01B OKTÓBER 1994

ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

# RAFORKUSPÁ 1994-2020

## Endurreikningur á spá frá 1992 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd

OS-94039/OBD-01B OKTÓBER 1994

# EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3

TÖFLUSKRÁ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5

2 FORSENDUR . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7

3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10

4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 15

RITASKRÁ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19

VIÐAUKI 1, Raforkunotkun ársins 1993 greind niður á notkunarflokka og rafveitur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 21

VIÐAUKI 2, Raforkunotkun ársins 1993 greind niður á notkunarflokka og landshluta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27

VIÐAUKI 3, Almenn raforkunotkun áranna 1985-1993 skipt niður á forgangsorku og ótryggða orku . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 33

VIÐAUKI 4, Notkun skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu . . . . . . 35

VIÐAUKI 5, Aflþörf raforkukerfisins á árinu 1993 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 39

VIÐAUKI 6, Forsendur raforkuspár frá 1992 og breytingar sem gerðar voru við endurreikning . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 45

## TÖFLUSKRÁ


1 Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgangsorka til núverandi stóriðja . . . . . . . . . . 11

2 Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgang- og ótryggð orka til núverandi stóriðja . . . . . . . . . . 12

3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka . . . . . . . . . . 13

4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á landshluta . . . . . . . . . . 14

5 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá. . . . . . . . . 16

6 Breytingar á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá greind niður á flokka. . . . . . . . . . 17

7 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá greind niður á landshluta. . . . . . . . . . 18

# 1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 1992, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar). Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á forsendunum frá því sem miðað var við í spánni sem kom út fyrir tveimur árum. Raforkuspáin hefur heldur hækkað við þennan endurreikning sem stafar aðallega af nýjum samningum um sölu á ótryggðri orku til almennra notenda. Alls er miðað við að þessir samningar auki notkunina á árunum fram til 1996 um tæpar 100 GWh sem jafngildir tæpum 110 GWh þegar flutnings- og dreifitöp eru innifalin. Þannig hækkar spáin fyrir árið 1996 um 107 GWh.

Raforkuvinnsla rafveitna á síðasta ári var alls 4.723 GWh og þar af var vinnsla Landsvirkjunar 4.369 GWh. Raforkunotkun síðasta árs, að frátalinni ótryggðri orku stóriðjufyrirtækja (609 GWh með töpum), var heldur meiri en miðað var við í raforkuspá Orkuspárnefndar frá 1992 eða 4.114 GWh í stað 4.098 GWh eins og spáð var og eru töp við flutning og dreifingu orkunnar meðtalin. Við hitastigsleiðréttingu lækkar notkunin um 5 GWh þannig að spáin hefur vanáætlað notkunina um 11 GWh.

Á undanförnum árum hefur raforkuhópurinn beitt sér fyrir því að teknar væru upp símælingar á afli á tölvutæku formi. Markmið hópsins er að öll raforkuvinnsla á landinu verði mæld með þeim hætti auk heildsölu rafveitna. Þessi uppbygging er nú vel á veg komin og fyrir síðasta ár liggja fyrir upplýsingar um stóran hluta raforkuvinnslunnar auk heildsölu raforku. Þessi gögn hafa nú verið notuð til að endurmeta aflþörfina og af þeim sökum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á áætluðu afli einstakara veitusvæða.

Á síðasta ári varð aflþörf raforkukerfisins mest þann 21. desember milli klukkan 16 og 17 og varð þá meðalálag á orkuver kerfisins 698 MW. Aflþörf almenningsveitna var þá 393 MW, þörf stóriðjufyrirtækja var 279 MW og töp í flutningskerfinu voru því 26 MW eða tæp 4 %.

Raforkunotkun og aflþörf á veitusvæðum einstakra rafveitna hefur einnig verið áætluð en þær niðurstöður eru ekki birtar hér heldur hefur hver veita fengið niðurstöður varðandi sitt veitusvæði.

Í viðauka 1 hér að aftan er raforkunotkun á landinu árið 1993 greind niður á notkunarflokka og rafveitur. Í viðauka 2 er notkunin greind niður á notkunarflokka og landshluta. Í viðauka 3 er almennri raforkunotkun skipt niður á forgangsorku og ótryggða orku. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu

á árinu 1993 í viðauka 5. Í viðauka 6 eru helstu forsendur spárinnar sýndar ásamt þeim breytingum sem nú voru gerðar.

Vinnslu efnis og frágang texta hefur Jón Vilhjálmsson hjá Verkfræðistofunni AFLi annast.

## 2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn í orkuspárlíkanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, um mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendunum raforkuspárinnar:

1) **Landsframleiðsla:** Varðandi næsta ár er tekið mið af hugmyndum Þjóðhagsstofnunar samkvæmt nýútkominni Þjóðhagsáætlun. Miðað er við að landsframleiðsla aukist um 1,9% á þessu ári og um 1,1% árið 1995 sem er heldur minna en í áætlun Þjóðhagsstofnunar. Næstu ár þar á eftir verður hagsvöxtur síðan 1,5 til 2% eins og í áætlun Þjóðhagsstofnunar.

2) **Mannfjöldi:** Miðað er við að fólksflutningar að og frá landinu verði í jafnvægi í stað þess að fleiri flytji frá landinu en til þess. Þetta er í samræmi við þróunina árin 1992 og 1993 en þá fluttu 250 og 200 fleiri frá landinu en til þess, en árið 1991 fluttu aftur á móti um eitt þúsund fleiri til landsins en frá því. Mannfjöldaspánni er þar að auki breytt út frá raunverulegum fólksfjölda síðustu tvö árin.

3) **Atvinnustarfsemi:** Settar hafa verið inn nýjar rauntölur varðandi atvinnustarfsemina þar sem slíkt liggur fyrir. Framleiðniaukning í hefðbundnum greinum landbúnaðar var minnkuð árið 1990 úr 5% í 4%. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við.

4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Ekki hefur verið breytt hlutfalli húsrýmis sem ekki er hitað. Skipting niður á orkugjafa hefur nokkuð verið breytt þannig að hlutur raforku hefur minnkað. Einnig hefur orkunotkun við rafhitun verið minnkuð. Rafhitun hefur yfirleitt reynst minni en ráð er fyrir gert í raforkuspánni. Húsrými í fasteignamati vex hraðar en orkunotkunin en ekki hefur verið farið út í að auka húsrými sem ekki er hitað.

5) **Raforkunotkun heimila**: Hlutfallsleg raforkunotkun heimila hefur verið aukin á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og Austurlandi þar sem heimilisnotkun hefur aukist hraðar þar en ráð var fyrir gert. Á Norðurlandi er notkun varmadælu og katla hjá Hitaveitu Akureyrar nú talin til veitna sem lækkar notkunina í þessum flokki. Raforkunotkun heimila var 9 GWh minni árið 1993 en spáin frá 1992 gerði ráð fyrir vegna minni notkunar til hitunar.

6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Veruleg aukning varð á raforkunotkun við garðyrkju og ylrækt síðustu tvö árin bæði vegna þess að notkunin jókst og

líklega einnig vegna þess að notkunarflokkar fengust í fyrsta sinn frá Rafveitu Hveragerðis fyrir árið 1993. Notkunin við garðyrkju og ylrækt jókst úr 8,5 GWh árið 1991, í 11,2 GWh árið 1992 og 12,9 GWh á síðasta ári. Raforkunotkun í landbúnaði var 18 GWh meiri árið 1993 en ráð var fyrir gert.

7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Ekki er gert ráð fyrir að Stálfélagið hefji rekstur að nýju. Í raforkuspánni var miðað við 12 GWh árið 1993 og síðar. Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja er talin verða meiri nú en í spánni eða að notkunin aukist um 10 GWh á þessu ári, um 46 GWh á næsta ári og 10 GWh árið 1996. Til ársins 2020 eykst þessi notkun um 86 GWh í stað 40 GWh sem miðað var við í spánni frá 1992. Vitað er um aðra aukningu á ótryggðri orku til iðnaðar sem nemur um 12 GWh árið 1994 og 6 GWh árið 1995. Raforkunotkun í iðnaði var 6 GWh minni á síðasta ári en spáð var.

8) **Þjónusta:** Engar breytingar hafa verið gerðar á forsendum varðandi orkunotkun þjónustugreina. Orkunotkun í þjónustu á Suðurlandi er nú áætluð mun meiri en áður eða 30 GWh árið 1993 í stað 22 árið 1991. Þetta stafar af því að notkun er nú greind niður á notkunarflokka hjá öllum veitum á Suðurlandi en þegar hún var flokkuð eftir gjaldskrárliðum var þjónusta alltaf vanáætluð. Notkun í þjónustu hefur reynst mun meiri en spáð var og árið 1993 var hún 31 GWh meiri en spáð var.

9) **Veitur:** Kyntar hitaveitur keyptu meiri raforku árið 1993 en spáin miðaði við og jókst notkunin þar úr 158 GWh árið 1991 í 171 GWh árin 1992 og 1993. Nú er notkun Hitaveitu Akureyrar einnig talin hér með (sem kynt veita) en þar er áætluð aukning um 15 GWh á þessu ári. Aukningu á raforkunotkun til dælingar á Nesjavöllum vegna stækkunar virkjunarinnar er nú seinkað til 1997/98.

10) **Annað:** Engum forsendum var breytt hér. Notkun 1993 svipuð og áætlað var.

11) **Dreifitöp:** Dreifitöp voru lækkuð á Suðurnesjum (10,1% í 7,0%), vegna þess að aðflutningskerfið hefur verið endurnýjað, á höfuðborgarsvæðinu (7,4% í 6,1%) og á Norðurlandi (9,7% í 7,0%), vegna aukinnar sölu þar til stórra notenda, og Suðurlandi (10,2% í 9,0%). Dreifitöp voru hækkuð á Vesturlandi (8,6% í 9,6), Vestfjörðum (12,0% í 12,6%) og Austurlandi (8,0% í 10,0%). Dreifitöp hafa farið minnkandi en hafa verður í huga að veruleg óvissa er í þeim og þau geta þess vegna sveiflast nokkuð á milli ára. Töpin voru 16 GWh minni á síðasta ári en spáð var.

12) **Orkunotkun stóriðju:** Íslenska álfélagið og Íslenska járnblendifélagið notuðu forgangsorku að fullu á síðasta ári en Áburðarverksmiðja ríkisins var 6 GWh yfir áætlaðri notkun.

13) **Flutningstöp:** Flutningstöp hafa farið minnkandi, væntanlega vegna minni eigin notkunar Landsvirkjunar. Flutningstöpin hafa því verið lækkuð úr 4,1% í 3,9%.

14) **Aflþörf:** Aflþörf raforkukerfisins í heild á síðasta ári hefur nú verið metin út frá mun ítarlegri gögnum en áður hafa legið fyrir og má segja að þetta sé í fyrsta sinn sem nákvæmar tölur liggja fyrir um aflþörfina. Aflþörfin reyndist heldur minni á síðasta ári en spáð hafði verið. Aflþörf almenningsveitna var 13 MW minni en spáð var. Nýtingartími almennrar notkunar alls er því hækkaður nú í 5.700 stundir úr 5.500 stundum. Nánari upplýsingar um aflþörfina er að finna í viðauka 5.

# 3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 1 til 4. Tafla 1 sýnir notkunina á landinu næstu árin þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Ótryggð orka almenna markaðarins er innifalin í tölunum en hún er ekki meðtalin hjá stóriðjunni. Samskonar tafla hefur verið í útgefnum spám nefndarinnar. Tafla 2 hefur aftur á móti ekki verið í spám nefndarinnar en þar hefur ótryggðri orku núverandi orkufreks iðnaðar verið bætt inn í notkunina og á taflan því að sýna heildarvinnslu raforku á landinu. Hafa verður í huga að verulegar sveiflur geta verið í sölu á ótryggðri orku sem ekki er hægt að taka tillit til í spá sem þessari. Áætlað er að orkuvinnsla vegna sölu á ótryggðri orku og samkvæmt sérstökum samningum hafi numið um 850 GWh árið 1993 og hér er miðað við að þessi þáttur verði kominn yfir 900 GWh árið 1995.

Tafla 3 sýnir almennu notkunina greinda niður á einstaka þætti. Þar kemur fram að aukning notkunar er áætluð 2,9 % árið 1994 og 4,0 % árið 1995 vegna þeirra samninga sem gerðir hafa verið um sölu á ótryggðri orku. Eftir það er aukningin minni.

Almennri raforkunotkun að meðtöldum dreifitöpum er skipt niður á landshluta í töflu 4. Þar kemur fram að áætlað er að notkun aukist verulega á Suðurnesjum, Norðurlandi og Austurlandi árin 1994 og 1995 og er það vegna aukinnar sölu á ótryggðri orku.

**Tafla 1** **Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgangsorka til núverandi stóriðja (* Rauntölur).**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1985* | 1.770 | | 1.624 | | 138 | | 3.532 | |
| 1986* | 1.848 | | 1.701 | | 146 | | 3.695 | |
| 1987* | 1.912 | | 1.699 | | 155 | | 3.766 | |
| 1988* | 2.043 | | 1.699 | | 165 | | 3.907 | |
| 1989* | 2.080 | | 1.704 | | 165 | | 3.949 | |
| 1990* | 2.132 | | 1.686 | | 163 | | 3.981 | |
| 1991* | 2.169 | | 1.698 | | 157 | | 4.024 | |
| 1992* | 2.233 | | 1.694 | | 164 | | 4.091 | |
| 1993* | 2.253 | 393 | 1.704 | 203 | 157 | 23 | 4.114 | 619 |
| 1994 | 2.320 | 407 | 1.698 | 203 | 163 | 27 | 4.181 | 637 |
| 1995 | 2.413 | 423 | 1.698 | 203 | 167 | 28 | 4.278 | 654 |
| 1996 | 2.463 | 432 | 1.698 | 203 | 169 | 28 | 4.330 | 663 |
| 1997 | 2.505 | 440 | 1.698 | 203 | 171 | 29 | 4.374 | 672 |
| 1998 | 2.553 | 448 | 1.698 | 203 | 173 | 29 | 4.424 | 680 |
| 1999 | 2.591 | 455 | 1.698 | 203 | 174 | 29 | 4.463 | 687 |
| 2000 | 2.630 | 461 | 1.698 | 203 | 176 | 29 | 4.504 | 693 |
| 2005 | 2.853 | 501 | 1.698 | 203 | 185 | 31 | 4.736 | 735 |
| 2010 | 3.099 | 544 | 1.698 | 203 | 195 | 33 | 4.992 | 780 |
| 2015 | 3.370 | 591 | 1.698 | 203 | 206 | 34 | 5.274 | 828 |
| 2020 | 3.666 | 643 | 1.698 | 203 | 218 | 36 | 5.582 | 882 |

**Tafla 2** **Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgang- og ótryggð orka til núverandi stóriðja (* Rauntölur).**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1985* | 1.770 | | 1.917 | | 150 | | 3.837 | |
| 1986* | 1.848 | | 2.050 | | 160 | | 4.058 | |
| 1987* | 1.912 | | 2.070 | | 170 | | 4.152 | |
| 1988* | 2.043 | | 2.186 | | 187 | | 4.416 | |
| 1989* | 2.080 | | 2.208 | | 187 | | 4.475 | |
| 1990* | 2.132 | | 2.133 | | 182 | | 4.447 | |
| 1991* | 2.169 | | 2.083 | | 175 | | 4.427 | |
| 1992* | 2.233 | | 2.125 | | 182 | | 4.540 | |
| 1993* | 2.253 | 393 | 2.290 | 279 | 180 | 26 | 4.723 | 698 |
| 1994 | 2.320 | 407 | 2.300 | 279 | 187 | 30 | 4.807 | 716 |
| 1995 | 2.413 | 423 | 2.300 | 279 | 191 | 31 | 4.904 | 734 |
| 1996 | 2.463 | 432 | 2.300 | 279 | 193 | 32 | 4.956 | 743 |
| 1997 | 2.505 | 440 | 2.300 | 279 | 195 | 32 | 5.000 | 751 |
| 1998 | 2.553 | 448 | 2.300 | 279 | 197 | 33 | 5.050 | 760 |
| 1999 | 2.591 | 455 | 2.300 | 279 | 198 | 33 | 5.089 | 767 |
| 2000 | 2.630 | 461 | 2.300 | 279 | 200 | 33 | 5.130 | 773 |
| 2005 | 2.853 | 501 | 2.300 | 279 | 209 | 35 | 5.362 | 815 |
| 2010 | 3.099 | 544 | 2.300 | 279 | 219 | 36 | 5.618 | 859 |
| 2015 | 3.370 | 591 | 2.300 | 279 | 230 | 38 | 5.900 | 908 |
| 2020 | 3.666 | 643 | 2.300 | 279 | 242 | 40 | 6.208 | 962 |

**Tafla 3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka (*Rauntölur).**

| Ár | Íbúa-fjöldi | Heimili GWh | Land-búnaður GWh | Iðn-aður GWh | Þjón-usta GWh | Veitur GWh | Annað GWh | Orku-sala GWh | Dreifi-töp GWh | Orku-kaup GWh | Aukn-ing % | Afl-þörf MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1990* | 254.788 | 528 | 179 | 395 | 401 | 264 | 166 | 1.932 | 198 | 2.130 | 2,3 | 387 |
| 1991* | 257.965 | 528 | 177 | 396 | 420 | 284 | 170 | 1.975 | 194 | 2.169 | 1,8 | 380 |
| 1992* | 261.103 | 543 | 179 | 389 | 442 | 307 | 165 | 2.025 | 208 | 2.233 | 3,0 | XXX |
| 1993* | 263.785 | 559 | 185 | 400 | 460 | 301 | 163 | 2.068 | 185 | 2.253 | 0,9 | 393 |
| 1994 | 266.300 | 566 | 179 | 435 | 472 | 317 | 166 | 2.134 | 186 | 2.320 | 2,9 | 407 |
| 1995 | 268.600 | 575 | 178 | 496 | 485 | 318 | 168 | 2.220 | 194 | 2.413 | 4,0 | 423 |
| 1996 | 270.800 | 584 | 177 | 514 | 499 | 321 | 170 | 2.266 | 197 | 2.463 | 2,1 | 432 |
| 1997 | 272.800 | 593 | 177 | 522 | 513 | 327 | 173 | 2.305 | 200 | 2.505 | 1,7 | 440 |
| 1998 | 274.700 | 601 | 177 | 529 | 528 | 338 | 176 | 2.349 | 204 | 2.553 | 1,9 | 448 |
| 1999 | 276.700 | 609 | 177 | 537 | 542 | 341 | 179 | 2.385 | 206 | 2.591 | 1,5 | 455 |
| 2000 | 278.500 | 617 | 178 | 544 | 557 | 344 | 182 | 2.421 | 209 | 2.630 | 1,5 | 461 |
| 2005 | 287.400 | 663 | 179 | 587 | 639 | 360 | 199 | 2.628 | 226 | 2.853 | 1,7 | 501 |
| 2010 | 295.200 | 712 | 180 | 631 | 736 | 374 | 223 | 2.856 | 243 | 3.099 | 1,7 | 544 |
| 2015 | 302.300 | 762 | 179 | 672 | 849 | 387 | 257 | 3.107 | 263 | 3.370 | 1,7 | 591 |
| 2020 | 308.200 | 813 | 177 | 714 | 975 | 398 | 307 | 3.383 | 283 | 3.666 | 1,8 | 643 |

**Tafla 4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á landshluta (* Rauntölur).**

| Ár | SN GWh | HS GWh | VL GWh | VF GWh | NL GWh | AL GWh | SL GWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1985* | 148 | 553 | 164 | 176 | 342 | 210 | 178 |
| 1986* | 159 | 583 | 174 | 193 | 347 | 210 | 182 |
| 1987* | 175 | 627 | 175 | 191 | 349 | 209 | 185 |
| 1988* | 186 | 669 | 188 | 201 | 363 | 227 | 210 |
| 1989* | 190 | 685 | 185 | 195 | 361 | 221 | 241 |
| 1990* | 193 | 698 | 183 | 198 | 362 | 221 | 275 |
| 1991* | 191 | 724 | 182 | 201 | 361 | 214 | 296 |
| 1992* | 186 | 718 | 189 | 211 | 381 | 231 | 317 |
| 1993* | 189 | 725 | 186 | 211 | 388 | 240 | 314 |
| 1994 | 192 | 745 | 188 | 213 | 426 | 243 | 315 |
| 1995 | 222 | 764 | 190 | 214 | 437 | 267 | 319 |
| 1996 | 236 | 787 | 193 | 215 | 441 | 269 | 324 |
| 1997 | 238 | 807 | 195 | 217 | 446 | 271 | 332 |
| 1998 | 241 | 829 | 197 | 219 | 450 | 273 | 345 |
| 1999 | 243 | 851 | 199 | 221 | 455 | 274 | 348 |
| 2000 | 246 | 873 | 201 | 224 | 459 | 276 | 351 |
| 2005 | 262 | 995 | 213 | 238 | 485 | 288 | 373 |
| 2010 | 281 | 1.135 | 224 | 251 | 514 | 299 | 395 |
| 2015 | 304 | 1.295 | 234 | 262 | 547 | 310 | 418 |
| 2020 | 336 | 1.473 | 243 | 273 | 584 | 319 | 438 |

# 4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992

Spáin hefur nú heldur hækkað frá spánni sem kom árið 1992 eins og fram kemur í töflum 5 og 6. Eins og áður er komið fram hefur spáin aðallega hækkað vegna nýrra samninga um sölu á ótryggðri orku.

Heimilisnotkun er áætluð heldur minni nú en í spánni frá síðasta ári aðallega vegna minni rafhitunar. Notkun í landbúnaði er meiri vegna aukinnar notkunar við ylrækt og vegna stærri markaðar fyrir landbúnaðarafurðir en gert er ráð fyrir meiri fólksfjölda á landinu en í síðustu spá. Þegar hafa komið fram skýringar á aukinni notkun í iðnaði og veitustarfsemi en notkun í þjónustu var vanáætluð síðustu tvö árin og er nú búist við meiri aukningu þar. Gert er nú ráð fyrir minni dreifitöpum en áður og aflþörfin minnkar nokkuð.

Eins og áður er komið fram er notkun nú áætluð heldur meiri á Suðurnesjum, Norðurlandi og Austurlandi en í spánni frá 1992 vegna nýrra samninga um ótryggða orku. Notkun í öðrum landshlutum er nú áætluð svipuð og spáð var á síðasta ári en hún minnkar þó aðeins á Suðurnesjum og Suðurlandi.

**Tafla 5 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá.**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1992* | 50 | | -4 | | -2 | | 44 | |
| 1993* | 21 | -13 | 6 | 0 | -11 | -7 | 16 | -20 |
| 1994 | 52 | -5 | 0 | 0 | -7 | -3 | 45 | -8 |
| 1995 | 105 | 3 | 0 | 0 | -4 | -2 | 101 | 1 |
| 1996 | 111 | 4 | 0 | 0 | -4 | -3 | 107 | 1 |
| 1997 | 110 | 5 | 0 | 0 | -4 | -3 | 106 | 2 |
| 1998 | 117 | 5 | 0 | 0 | -4 | -3 | 113 | 2 |
| 1999 | 111 | 4 | 0 | 0 | -5 | -3 | 106 | 1 |
| 2000 | 110 | 3 | 0 | 0 | -4 | -4 | 106 | -1 |
| 2005 | 103 | 1 | 0 | 0 | -5 | -4 | 98 | -3 |
| 2010 | 96 | -2 | 0 | 0 | -6 | -4 | 90 | -6 |
| 2015 | 89 | -6 | 0 | 0 | -7 | -6 | 82 | -12 |
| 2020 | 81 | -9 | 0 | 0 | -8 | -7 | 73 | -16 |

**Tafla 6 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá greind niður á flokka.**

| Ár | Íbúa-fjöldi | Heimili GWh | Land-búnaður GWh | Iðn-aður GWh | Þjón-usta GWh | Veitur GWh | Annað GWh | Orku-sala GWh | Dreifi-töp GWh | Orku-kaup GWh | Aukn-ing % | Afl-þörf MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1992* | 803 | -14 | 8 | 7 | 20 | 15 | 3 | 38 | 12 | 50 | | |
| 1993* | 1.685 | -9 | 18 | -6 | 31 | 5 | -1 | 37 | -16 | 21 | | -13 |
| 1994 | 2.500 | -13 | 15 | 20 | 35 | 15 | 0 | 70 | -18 | 52 | | -5 |
| 1995 | 3.000 | -14 | 16 | 69 | 38 | 10 | 0 | 119 | -13 | 105 | | 3 |
| 1996 | 3.400 | -14 | 17 | 74 | 40 | 9 | -1 | 126 | -15 | 111 | | 4 |
| 1997 | 3.500 | -14 | 18 | 71 | 41 | 11 | 0 | 126 | -16 | 110 | | 5 |
| 1998 | 3.600 | -15 | 18 | 66 | 43 | 18 | 0 | 131 | -14 | 117 | | 5 |
| 1999 | 3.700 | -16 | 19 | 64 | 44 | 18 | 0 | 128 | -17 | 111 | | 4 |
| 2000 | 3.700 | -16 | 20 | 61 | 45 | 17 | 0 | 126 | -16 | 110 | | 3 |
| 2005 | 4.100 | -18 | 19 | 54 | 50 | 16 | -2 | 123 | -19 | 103 | | 1 |
| 2010 | 4.200 | -19 | 24 | 48 | 58 | 13 | -3 | 120 | -24 | 96 | | -2 |
| 2015 | 4.300 | -20 | 25 | 39 | 65 | 11 | -4 | 117 | -28 | 89 | | -6 |
| 2020 | 4.500 | -20 | 27 | 31 | 74 | 9 | -7 | 114 | -33 | 81 | | -9 |

**Tafla 7** **Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá greind niður á landshluta.**

| Ár | SN GWh | HS GWh | VL GWh | VF GWh | NL GWh | AL GWh | SL GWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1992* | -4 | 3 | 6 | 9 | 19 | 9 | 9 |
| 1993* | -6 | -9 | 0 | 4 | 18 | 14 | 1 |
| 1994 | -5 | -9 | 1 | 5 | 52 | 16 | -5 |
| 1995 | 22 | -5 | 2 | 4 | 58 | 38 | -14 |
| 1996 | 32 | -5 | 2 | 2 | 57 | 37 | -12 |
| 1997 | 31 | -7 | 2 | 1 | 56 | 37 | -9 |
| 1998 | 31 | -8 | 3 | 1 | 55 | 36 | 0 |
| 1999 | 29 | -10 | 3 | 1 | 54 | 35 | -2 |
| 2000 | 29 | -9 | 3 | 1 | 53 | 35 | -2 |
| 2005 | 27 | -8 | 4 | 2 | 51 | 34 | -5 |
| 2010 | 25 | -7 | 5 | 1 | 50 | 32 | -8 |
| 2015 | 21 | -4 | 5 | 0 | 51 | 30 | -13 |
| 2020 | 19 | -2 | 6 | -1 | 52 | 28 | -21 |

## RITASKRÁ

Fiskifélag Íslands, 1993: "Útvegur 1992".

Fiskifélag Íslands, 1994: "Útvegur 1993".

Hagstofa Íslands, 1992: "Landshagir 1992". Hagskýrslur Íslands III, 8.

Hagstofa Íslands, 1993: "Landshagir 1993". Hagskýrslur Íslands III, 15.

Hagstofa Íslands, 1994: "Hagtíðindi", 79. árgangur.

UNEPEDE, 1993: "Prices of electricity as at January 1, 1993".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1993: "Hagtölur landbúnaðarins 1993".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1994: "Hagtölur landbúnaðarins 1994".

Verkfræðistofan AFL, 1993: "Gagnagrunnur Orkuspárnefndar. Gögn um raforkuvinnslu og notkun. Útgáfa 1.0". VA93004.

Þjóðhagsstofnun, 1992: "Atvinnuvegaskýrsla 1990". Atvinnuvegaskýrslur nr. 45

Þjóðhagsstofnun, 1993: "Atvinnuvegaskýrsla 1991". Atvinnuvegaskýrslur nr. 48

Þjóðhagsstofnun, 1993: "Sögulegt yfirlit hagtalna". Þjóðarbúskapurinn nr. 16.

Þjóðhagsstofnun, 1994: "Þjóðarbúskapurinn. Framvinda 1993 og horfur 1994". Þjóðarbúskapurinn nr. 17.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1995 (Lögð fram af forsætisráðherra hinn 1. október 1994).

# VIÐAUKI 1

## Raforkunotkun ársins 1993 greind niður á notkunarflokka og rafveitur

# ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1993 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

| Nr. | Notkunarflokkur | LV MWh | HS MWh | RHA MWh | RR MWh | RARIK MWh | RAKR MWh | RB MWh | OV MWh | RSA MWh | RAKU MWh | RHU MWh | RRE MWh | BV MWh | SV MWh | RHV MWh | AV MWh | Samtals MWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0 | Óflokkað | 0 | 0 | 0 | 57 | 0 | 48 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 436 | 0 | 0 | 542 |
| 101 | Búrekstur og hitun | 0 | 0 | 0 | 0 | 46.733 | 0 | 0 | 1.394 | 0 | 108 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 48.235 |
| 102 | Búrekstur og súgþurrkun | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.791 | 0 | 0 | 215 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.008 |
| 103 | Búrekstur og mjólkurkæling | 0 | 0 | 0 | 6 | 3.389 | 0 | 0 | 34 | 0 | 14 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.443 |
| 104 | Búrekstur, hitun og súgþurrkun | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.111 | 0 | 0 | 698 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.809 |
| 105 | Búrekstur, hitun og mjólkurk. | 0 | 0 | 0 | 0 | 23.635 | 0 | 0 | 606 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24.241 |
| 106 | Búrekstur, súgþ. og mjólkurk. | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.864 | 0 | 0 | 119 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.983 |
| 107 | Búr., hitun, súgþ. og kæling | 0 | 0 | 0 | 0 | 47.510 | 0 | 0 | 1.956 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 49.466 |
| 108 | Búrekstur | 0 | 0 | 0 | 372 | 3.518 | 21 | 0 | 4.384 | 0 | 20 | 6 | 0 | 0 | 75 | 0 | 0 | 8.396 |
| 109 | Fiskrækt | 0 | 14.361 | 142 | 425 | 12.749 | 0 | 0 | 1.254 | 2 | 0 | 32 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 28.964 |
| 112 | Alifuglabú | 0 | 410 | 1 | 1.292 | 2.450 | 0 | 0 | 47 | 0 | 0 | 0 | 21 | 61 | 0 | 0 | 0 | 4.283 |
| 113 | Svínabú | 0 | 287 | 19 | 336 | 1.194 | 0 | 0 | 74 | 0 | 90 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.000 |
| 115 | Loðdýrabú | 0 | 34 | 0 | 0 | 808 | 0 | 0 | 21 | 30 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 893 |
| 116 | Garðyrkja og ylrækt | 0 | 0 | 2 | 1.504 | 6.401 | 7 | 1 | 3 | 4 | 206 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.777 | 0 | 12.905 |
| 117 | Fóðurframleiðsla | 0 | 0 | 0 | 2.663 | 436 | 0 | 0 | 2 | 448 | 2.109 | 18 | 0 | 0 | 155 | 0 | 0 | 5.832 |
| 118 | Grasmjölsverksmiðjur | 0 | 0 | 0 | 144 | 1.327 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.472 |
| 121 | Skógræktarstöðvar | 0 | 0 | 0 | 244 | 384 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 630 |
| 122 | Fiskveiðar | 0 | 140 | 607 | 865 | 3.779 | 138 | 0 | 1.364 | 100 | 153 | 133 | 81 | 1.886 | 38 | 0 | 0 | 9.284 |
| 123 | Sportveiði | 0 | 0 | 0 | 0 | 850 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 853 |
| 300 | Grjótnám, malarnám o.s.frv. | 0 | 4.711 | 0 | 103 | 123 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.937 |
| 410 | Sláturhús og kjötiðnaður | 0 | 0 | 414 | 2.685 | 7.246 | 3 | 1.280 | 608 | 72 | 1.531 | 904 | 327 | 19 | 1.313 | 0 | 0 | 16.402 |
| 420 | Mjólkuriðnaður | 0 | 0 | 0 | 8.840 | 2.241 | 0 | 973 | 187 | 383 | 1.867 | 335 | 0 | 0 | 13.532 | 639 | 0 | 28.998 |
| 431 | Fiskfrysting | 0 | 8.339 | 2.414 | 6.554 | 45.798 | 3.639 | 0 | 20.854 | 3.194 | 6.476 | 2.340 | 1.411 | 7.534 | 664 | 0 | 0 | 109.218 |
| 432 | Saltfisk- og skreiðarf. | 0 | 3.048 | 548 | 37 | 10.507 | 228 | 0 | 1.326 | 105 | 65 | 42 | 3 | 378 | 164 | 0 | 0 | 16.450 |
| 440 | Síldarsöltunarstöðvar | 0 | 15 | 0 | 6 | 868 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 105 | 0 | 0 | 0 | 0 | 994 |
| 450 | Niðurlagningarverksmiðjur | 0 | 88 | 420 | 394 | 218 | 161 | 0 | 213 | 0 | 2.084 | 2 | 0 | 225 | 0 | 0 | 0 | 3.805 |
| 460 | Brauð- og kökugerð | 0 | 527 | 705 | 10.105 | 1.920 | 218 | 287 | 480 | 117 | 1.353 | 229 | 140 | 236 | 219 | 129 | 0 | 16.664 |
| 470 | Kexgerð | 0 | 0 | 0 | 543 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 543 |

## ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1993 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

| Nr. | Notkunarflokkur | LV MWh | HS MWh | RHA MWh | RR MWh | RARIK MWh | RAKR MWh | RB MWh | OV MWh | RSA MWh | RAKU MWh | RHU MWh | RRE MWh | BV MWh | SV MWh | RHV MWh | AV MWh | Samtals MWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 480 | Sælgætisgerð | 0 | 0 | 941 | 2.085 | 27 | 0 | 0 | 0 | 0 | 342 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.395 |
| 491 | Drykkjarvöruiðnaður | 0 | 0 | 0 | 4.675 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 452 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.127 |
| 492 | Annar matvælaiðnaður | 0 | 77 | 475 | 3.113 | 589 | 64 | 90 | 2 | 0 | 300 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.710 |
| 510 | Vefjariðnaður | 0 | 0 | 0 | 4.439 | 60 | 0 | 0 | 0 | 2 | 10.178 | 0 | 0 | 0 | 0 | 244 | 0 | 14.923 |
| 520 | Fataiðnaður | 0 | 6 | 8 | 977 | 305 | 66 | 29 | 4 | 33 | 70 | 11 | 0 | 0 | 22 | 0 | 0 | 1.532 |
| 530 | Leður- og skóiðnaður | 0 | 0 | 0 | 59 | 17 | 0 | 0 | 0 | 587 | 1.880 | 1 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 2.547 |
| 540 | Veiðafæragerð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 75 | 0 | 0 | 0 | 37 | 0 | 29 | 0 | 0 | 0 | 0 | 141 |
| 610 | Timbur- og korkiðnaður | 0 | 829 | 353 | 3.252 | 1.008 | 0 | 105 | 0 | 73 | 410 | 140 | 0 | 0 | 330 | 21 | 0 | 6.521 |
| 620 | Pappa- og pappírsvörugerð | 0 | 0 | 454 | 4.592 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.046 |
| 630 | Prentun, útgáfa og skyld fr. | 0 | 45 | 301 | 11.044 | 104 | 24 | 10 | 41 | 14 | 244 | 10 | 0 | 39 | 49 | 0 | 0 | 11.926 |
| 700 | Gummívöruiðnaður | 0 | 0 | 18 | 161 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 185 | 0 | 0 | 0 | 0 | 36 | 0 | 400 |
| 820 | Plastiðnaður | 0 | 22 | 1.388 | 656 | 1.002 | 0 | 0 | 0 | 0 | 93 | 0 | 0 | 50 | 1.413 | 11 | 0 | 4.635 |
| 831 | Áburðarvinnsla | 141.244 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.363 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 142.607 |
| 832 | Hvalvinnsla | 0 | 0 | 333 | 0 | 188 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 521 |
| 833 | Lifrarbræðsla og fl. | 0 | 0 | 0 | 657 | 59 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 716 |
| 834 | Fiskimjölsverksmiðjur | 0 | 3.338 | 110 | 1.401 | 19.590 | 1.528 | 0 | 1.946 | 0 | 18.571 | 0 | 674 | 3.461 | -201 | 0 | 0 | 50.417 |
| 835 | Málningar-, lakk- og límgerð | 0 | 0 | 133 | 461 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 33 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 627 |
| 839 | Efnaiðnaður ótalinn a. staðar | 0 | 16 | 200 | 3.771 | 359 | 0 | 0 | 64 | 0 | 383 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.793 |
| 920 | Gleriðnaður | 0 | 0 | 141 | 192 | 66 | 0 | 0 | 0 | 0 | 37 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 436 |
| 930 | Leirsmíði og postulínsiðnaður | 0 | 0 | 36 | 515 | 49 | 0 | 0 | 4 | 0 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 621 |
| 940 | Sementsgerð | 0 | 0 | 0 | 594 | 0 | 11.300 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.894 |
| 950 | Kísilgúrframleiðsla | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.633 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.633 |
| 960 | Steinullargerð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.436 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.436 |
| 990 | Steinsteypugerð | 0 | 31 | 739 | 1.409 | 249 | 45 | 446 | 124 | 51 | 257 | 0 | 0 | 63 | 20 | 0 | 0 | 3.434 |
| 1010 | Járnblendiiðnaður | 612.630 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 612.630 |
| 1020 | Undirstöðui. úr járni og stáli | 971 | 0 | 1.069 | 929 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 680 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.649 |
| 1110 | Áliðnaður | 1.536.117 | 0 | 0 | 16 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.536.133 |
| 1120 | Undirstöðui. úr ójárnkenndum m | 0 | 0 | 100 | 74 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 52 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 226 |

## ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1993 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

| Nr. | Notkunarflokkur | LV MWh | HS MWh | RHA MWh | RR MWh | RARIK MWh | RAKR MWh | RB MWh | OV MWh | RSA MWh | RAKU MWh | RHU MWh | RRE MWh | BV MWh | SV MWh | RHV MWh | AV MWh | Samtals MWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1210 | Framleiðsla véla og tækja | 0 | 290 | 0 | 2.041 | 152 | 0 | 0 | 82 | 0 | 36 | 0 | 0 | 47 | 0 | 5 | 0 | 2.654 |
| 1220 | Framleiðsla raftækja | 0 | 0 | 151 | 196 | 59 | 0 | 0 | 56 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 462 |
| 1230 | Skipasmíði | 0 | 631 | 472 | 1.253 | 483 | 533 | 0 | 420 | 0 | 2.059 | 21 | 0 | 1.131 | 0 | 0 | 0 | 7.003 |
| 1240 | Framleiðsla samgöngutækja | 0 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 44 |
| 1300 | Framleiðslui., ótalinn a.s. | 0 | 1.111 | 101 | 1.694 | 1.601 | 0 | 581 | 0 | 0 | 227 | 0 | 0 | 0 | 1.212 | 0 | 0 | 6.527 |
| 1400 | Byggingarstarfsemi og op. fr. | 0 | 626 | 2.022 | 10.083 | 362 | 282 | 55 | 3.447 | 257 | 173 | 45 | 0 | 31 | 153 | 0 | 0 | 17.536 |
| 1501 | Rarik, notkun í stöðvum | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.669 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.669 |
| 1502 | Rarik | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.042 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.042 |
| 1511 | Rafveitur | 0 | 0 | 0 | 344 | 202 | 0 | 9 | 111 | 11 | 729 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 262 | 1.677 |
| 1512 | Hitaveitur | 28.680 | 15.313 | 291 | 49.833 | 12.904 | 337 | 8 | 260 | 771 | 6.475 | 93 | 0 | 1.162 | 2.310 | 132 | 428 | 118.997 |
| 1513 | Rafhitaveitur | 0 | 0 | 0 | 16 | 42.416 | 0 | 0 | 65.022 | 0 | 0 | 0 | 0 | 58.213 | 0 | 0 | 0 | 165.667 |
| 1521 | Vatnsveitur | 0 | 336 | 73 | 4.728 | 4.334 | 38 | 325 | 261 | 0 | 84 | 0 | 125 | 75 | 172 | 0 | 0 | 10.551 |
| 1522 | Sjúkrahús og elliheimili | 0 | 926 | 2.148 | 21.705 | 10.951 | 482 | 199 | 2.016 | 572 | 2.800 | 603 | 0 | 570 | 592 | 301 | 0 | 43.865 |
| 1523 | Skólar | 1.000 | 819 | 1.380 | 17.281 | 12.556 | 669 | 60 | 2.225 | 390 | 1.697 | 135 | 109 | 231 | 423 | 74 | 858 | 39.907 |
| 1524 | Sundlaugar og íþróttahús | 0 | 1.220 | 1.220 | 6.872 | 5.381 | 1.203 | 219 | 584 | 264 | 1.124 | 226 | 118 | 516 | 196 | 130 | 0 | 19.272 |
| 1525 | Keflavíkurf. og önnur NATO | 0 | 75.227 | 0 | 846 | 2.305 | 0 | 0 | 817 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 79.195 |
